

## Framhaldsmenntunarráð lækninga á Landspítala

Framhaldsmenntunarráð lækninga starfar samkvæmt reglugerð 467/2015. Ráðið starfar á ábyrgð framkvæmdastjóra lækninga, en er stýrt af formanni í umboði hans. Kennslustjórar sérnáms í læknisfræði allra þeirra greina þar sem sérnám er veitt, eiga sæti í ráðinu. Forseti Lækna-deildar Háskóla Íslands, kennslustjóri kandidatsárs, kennslustjóri sérnáms í heimilislækningum og fulltrúi almennra lækna eiga einnig fast sæti í ráðinu. Einnig eru skipaðir sérstakir umsjónarmenn vísindastarfa og gæða- og umbótastarfa námslækna, sem hvor um sig gegnir samhæfingarhlutverki fyrir umrædda málaflokka, óháð sviðum eða sérgreinum. Ráðið hefur á að skipa starfsmanni í hálfu starfi með aðsetur á skrifstofu framkvæmdastjóra lækninga.

Hlutverk ráðsins er meðal annars samhæfing, stefnumótun og leiðsögn varðandi framhaldsnám í lækningum á Landspítala ásamt hverjum þeim stuðningi sem kennslustjórar gætu þarfnast í daglegum önnum. Náið samstarf er við framkvæmdastjórn, mannauðssvið spítalans og kynningardeild.

Farsælu samstarfi við embætti landlæknis og heilbrigðisráðuneytið verður haldið áfram, enda ljóst að meirihluti framhaldsnáms í lækningum fer fram á Landspítala.

Fundir eru haldnir á tveggja mánaða fresti og eru boðaðir með 6 vikna fyrirvara. Fundargögnum er dreift til þátttakenda að lágmarki 2 vikum fyrir hvern fund. Erindi til ráðsins skulu berast starfsmanni ráðsins fyrir þann tíma. Formaður framhaldsmenntunarráðs boðar fundi, sinnir fundarstjórn og undirbýr og dreifir fundargögnum í samvinnu við starfsmann ráðsins. Fundargerðir framhaldsmenntunarráðs verða aðgengilegar á innri vef spítalans.

Landspítala, 12. apríl 2019



Ólafur Baldursson  
framkvæmdastjóri lækninga